



Alþingi  
Velferðarnefnd  
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2024  
2011101 LÍV / 0.0/

**Efni: Umsögn LÍV um tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði, þingskjal 42 - 42. mál. 154. Iöggjafarþing 2023-2024**

Landssamband íslenskra verslunarmanna (LÍV) styður heilshugar aukið lýðræði á vinnustöðum og fagnar því að fram sé komin tillaga um skipun starfshóps sem eigi að skila inn tillögum um hvernig auka megi lýðræði á vinnustöðum. LÍV tekur heilshugar undir það sem þar er lagt til.

Á 31. þingi Landssambands íslenskra verzlunarmanna sem haldið var 2019 var samþykkt ályktun um atvinnulýðræði þar sem segir:

”31. þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna telur að nauðsynlegt sé að auka atvinnulýðræði til þess að bregðast við þeim breytingum sem við nú stöndum frammi fyrir vegna þess sem nefnt hefur verið einu nafni fjórða iðnbyltingin. Ísland stendur langt að baki þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við að þessu leyti og teljum við tíma til kominn að við stöndum þeim jafnfætis. Vinna hefur nú þegar hafist innan aðildarfélag LÍV við að móta stefnu og hugmyndir um framkvæmd atvinnulýðræðis hérlendis. Er þetta gert til þess að tryggja að afrakstur tækniframþróunar skili sér til launafólks og samfélagsins alls.”

Félög innan LÍV hafa lagt fram hugmyndir um aukið atvinnulýðræði þar sem horft er til Norðurlanda um fyrirmyndir, auk þess sem alþjóðasamtök launafólks sem LÍV á aðild að leggja ríka áherslu á aukið lýðræði á vinnustöðum. Í nágrennalöndum okkar er réttur launafólks til aðkomu að ákvarðanatöku og stjórnun á vinnustöðum víða tryggður. Þessi réttur felur í sér þátttöku á breiðum grunni, m.a. með setu fulltrúa starfsmanna í stjórnnum fyrirtækja.

Sú staðreynd að hér skuli enn ekki vera gert ráð fyrir fulltrúum starfsfólks í stjórnnum fyrirtækja og aðkomu þess að mikilvægum ákvörðunum er áhyggjuefni þegar horft er til þeirra miklu áskorana sem fylgja bæði loftslags- og tæknibreytingum sem talið er að muni hafa veruleg áhrif á verslun og verslunarfólk.

Í ljósi þess sem að framan segir lýsir LÍV yfir stuðningi við tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði og telur brýnt að málinu verði hraðað eins og kostur er.

**Fyrir hönd Landssambands íslenskra verzlunarmanna,  
Ragnar Þór Ingólfsson, formaður LÍV**